

FS Beiðni um að setja mál á dagskrá Byggðaráðs 26 sept. 2023

Til : Inga Þorvaldsdóttir <inga.thorvaldsdottir@mulathing.is>
Frá : Björn Ingimarsson <bjorn.ingimarsson@mulathing.is>
CC : Vilhjálmur Jónsson <vilhjalmur.jonsson@mulathing.is>
Heiti : FS Beiðni um að setja mál á dagskrá Byggðaráðs 26 sept. 2023
Málsnúmer : 202309154
Málsaðili : Þröstur Jónsson
Skráð dags : 20.09.2023 00:00:00
Höfundur : Þröstur Jónsson
Viðhengi [image002.png](#)
[image001.gif](#)

Rétt að bæta þessu á dagskrá byggðaráðs í næstu viku



Með bestu kveðjum
Björn Ingimarsson
Sveitarstjóri
Sveitarfélagið Múlaþing
Lyngási 12, 700 Egilsstöðum
(354) 4700 700
bjorn.ingimarsson@mulathing.is
www.mulathing.is



[Skilmálar varðandi tölvupóst](#)

Frá: Þröstur Jónsson

Sent: 20. september 2023 18:51

Til: Vilhjálmur Jónsson ; Berglind Harpa Svavarsdóttir

Afrit: Björn Ingimarsson ; Hannes Karl Hilmarsson - HHILM ; Sveinn Jónsson

Efni: Beiðni um að setja mál á dagskrá Byggðaráðs 26 sept. 2023

Sæl Forseti Byggðaráð eða Varaforseti,
Bið hér með um að setja eftirfarandi mál á dagskrá með nýju málsnúmeri.

Heiti:

"Íbúakosning um leiðarval frá Fjarðarheiðargöngum Fljótsdalshéraðs megin"

Tillaga til kosningar:

Byggðaráð vill ná breiðri sátt um leiðarvalið í samfélaginu og leggur því til að efnt verði til íbúakosningar í Múlaþingi um leiðarvalið þar sem kosið verður á milli Suður- og Norðurleiðar.

Framkvæmd og spurning(arnar) sem lagðar verða fyrir í íbúa-kosningunni verða unnar að þessari tillögu samþykkttri.

Ástæður þessa eru eftirfarandi.

1. Skoðanakönnun Gallup sem sveitarfélagið lét gera um leiðarvalið leiddi í ljós mikinn meirihluta hlynntan Norðurleið umfram Suðurleið í pósthúmerum 700 og 701.
[ATH! Búið er að fjarlægja niðurstöður skoðanakönnunarinnar af vef Múlþings, einnig niðurstöðurnar um laxeldið í Seyðisfirði.
https://www.mulathing.is/static/files/Skjol/ymsar_skyrslur/mulathing-einkaspurningar-i-kjornum.ppt
Hvernig stendur nú á því?]
2. Fjöldi athugasemda frá íbúum við auglýsta aðalskiplagsbreytingu vegna Suðurleiðar var alls 96. Allar athugasemdirnar voru andsnúnar valinni Suðruleið og bentu með rökum á kostni Norðurleiðar umfram Suðurleið.
Slíkur athugasemdafjöldi er fordæmalaus í sögu íslenskra sveitarfélaga.
Athugasemdir komu frá íbúum beggja vegna Fjarðarheiðar.
3. Við afgreiðslu fyrr nefndrar aðalskipulagsbreytingar í sveitarstjórn þann 13 sept. voru nær öll svör við athugasemdum á grundvelli setninganna "sveitarstjórn telur" eða "telur sveitarstjórn" án frekari röksemda.
Með öðrum orðum "sveitarstjórn veit ekki" en "telur samt".
Þetta var undirstrikaði í umræðulausri afgreiðsla tillögunnar á sveitarstjórnarfundinum 13 sept. kl. 13. Því er bezt að íbúarnir sjálfir taki ákvörðunina í leiðarvalinu með líðræðislegri atkvæðagreiðslu fremur en að sveitarstjórn sem "veit ekki" geri það.
4. Miklar líkur eru á að ef framkvæmdaleyfi verði gefið út á grundvelli aðalskipulagsbreytingar vegna Suðurleiðar, þá verði það kært á sterkum grunni 61. greinar [náttúruverndalaga](#) þar sem kveðið er sterkt á um vernd sérstæðra eða vistfræðilega mikilvægra birkiskóga og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré. (61. gr, fyrri b). Þar segir (61. gr, 3. mgr):
"Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til."
Nú er það svo að Suður-leið fer um mikinn birkiskóg sem er bæði gamall og er háskógur. Að auki eru á svæðinu fjöldi einstakra blæaspalunda (náttúruvætti) þar sem hæstu tré fara yfir 10 metra hæð.
"Brýna nauðsyn" ber ekki til að fara Suðurleið því annar valkostur er fyrir hendi, þ.e. Norðurleið, þar sem skógur er minni og lávaxnari.
Slík kæra á framkvæmdaleyfi gæti tafið mjög framkvæmdir sbr. Teigsskógsmálið. Því er mikilvægt að ná breiðri sátt um leiðarvalið jafnvel ef Suðurleið yrði ofan á í íbúakosningu.
Legg til að þessi tölvupóstur verði opinbert fylgigagn málsins með fundargerð.

Kveðja,

Pröstur Jónsson M lista.